



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 25. september 2024

MSS24090020

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um matarsóun í grunnskólum

Á fundi borgarráðs, 5. september 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

Hvernig ætlar skóla- og frístundasvið að bregðast við ef það verður aukin matarsóun í grunnskólum Reykjavíkur, þegar skólamáltíðir verða orðnar gjaldfrjálsar.

Svar:

Ef vart verður við aukna matarsóun í grunnskólum Reykjavíkur verður leitað leiða til að kanna orsök þess og ráða bót á því. Samkvæmt samtali við skólastjórnendur hefur ekki verið aukin matarsóun á þessum fyrstu vikum skólaársins. Nemendafjöldi er mismunandi á milli grunnskóla í Reykjavík auk þess eru matsalir misjafnlega stórir. Af þessum orsökum þarf starfsfólk stundum að skammta mat til nemenda til að nýta tímann vel. Í flestum skólum er lögð áhersla á það við nemendur að mikilvægt sé að minnka matarsóun. Matarsóun er ekki mæld formlega. Til þess að allir skólar geti mælt matarsóun þyrfti að kaupa þar til gerða vog fyrir þá alla.



Reykjavík